9. október 2023

# Lagabreytingar vegna alvarlegra atvika í heilbrigðisþjónustu

**Stjórnarráð Íslands**
Heilbrigðisráðuneytið

# Starfshópurinn

Heilbrigðisráðherra skipaði starfshóp í maí 2022. Verkefni hópsins:

a. Meta hvort afnema ætti refsiábyrgð heilbrigðisstarfsfólks vegna atvika sem rakin væru til einfalds gáleysis.

b. Meta hvort setja ætti í sérlög ákvæði um cumulativa hlutlæga refsiábyrgð heilbrigðisstofnana.

Skilaði niðurstöðum, drög að lagafrumvarpi, 17. febrúar sl.

# Lagafrumvarp

Tillögur starfshópsins settar fram sem drög að frumvarpi þar sem áherslan er á eftirfarandi atriði:

a. Refsiábyrgð lögaðila - Cumulativ hlutlæg refsiábyrgð heilbrigðisstofnana sett í lög nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu.

Meginmarkmið lagabreytinga

Skýra og auka réttaröryggi heilbrigðisstarfsmanna.

Rannsókn ætlaðra sakamála í kjölfar alvarlegs atvik og ákærum, ef til þess kemur, verði fremur beint að heilbrigðisstofnunum en einstaka heilbrigðisstarfsmönnum

# Lagafrumvarp

b. Rannsókn embættis landlæknis á alvarlegum atvikum í heilbrigðisþjónustu.

Markmið lagabreytinga

1. Styrkja rannsóknarheimildir landlæknis.

2. Skýra réttarstöðu heilbrigðisstarfsmanna og skapa þeim betri starfsskilyrði.

3. Tryggja tiltekna aðkomu sjúklinga og/eða nánustu aðstandenda að málum.

4. Tryggja skjóta afgreiðslu mála.

5. Styrkja öryggismenningu í heilbrigðiskerfinu.

# Lagafrumvarp

C. Aðkoma lögreglu á alvarlegum atvikum í heilbrigðisþjónustu.

Markmið lagabreytinga

1. Fækka málum sem lögregla rannsakar.

2. Tryggja samstarf og samvinnu lögreglu/ákæruvalds og landlæknis í meðferð þessara mála og koma í viðeigandi málsmeðferð hjá lögreglu eða landlækni.

3. Takmarka hvaða gögn hægt er að nota gegn heilbrigðisstarfsmanni í sakamáli.

4. Gert ráð fyrir að ríkissaksóknari setji fyrirmæli um meðferð þessara mála.

# Lagafrumvarp

d. Kvartanir vegna heilbrigðisþjónustu.

Markmið lagabreytinga

1. Heimild landlæknis til að ákveða hvort nægar ástæður séu til að taka kvörtun til formlegrar meðferðar.

2. Heimildir sjúklinga til að kvarta formlega vegna framkomu heilbrigðisstarfsfólks verði færð frá landlækni og til forstöðumanns viðkomandi stofnunar.

3. Fyrningarfrestur til að kvarta styttur úr 10 árum í 4.

4. Heimild landlæknis að vísa kvörtun frá vegna alvarlegs atviks ef rannsókn á sama atviki stendur yfir.

# Lagafrumvarp

e. Annað

1. Kröfur til skipulags starfsemi og skyldu rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu til innra eftirlits.

2. Tryggja rétt sjúklinga og eftir atvikum aðstandenda að fá upplýsingar og eftir atvikum fund með rekstraraðilum heilbrigðisþjónustunnar í kjölfar alvarlegs óvænts atviks.

# Endurflutt frumvarp

Frumvarpið var lagt fram á 153. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga.

Málið gekk til velferðarnefndar sem fékk 10 umsagnir frá ýmsum aðilum sem einnig höfðu veitt umsögn um frumvarpið þegar það var birt í samráðsgátt stjórnvalda.

Nefndin lauk umfjöllun sinni með nefndaráliti meirihluta velferðarnefndar (þskj. 2090, 986. mál). Breytingartillögur nefndarinnar voru minniháttar orðalagsbreytingar en engar efnislegar tillögur að breytingum.